

104.fundur stjórnar Austurbrúar 5. nóvember 2019

## Fundargerð

Fundurinn var haldinn hjá Austurbrú Reyðarfirði og hófst hann kl 11:00.

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Gunnar Jónsson, Gauti Jóhannesson, Hildur Þórisdóttir, Pálína Margeirsdóttir, Sigríður Bragadóttir og Stefán Bogi Sveinsson. Þráinn Lárusson og Sæunn Stefánsdóttir voru tengd fundarbúnaði Símans. Formaður stjórnar Einar Már Sigurðarsson boðaði forföll, í hans stað mætti Eydís Ásbjörnsdóttir varamaður.

Mættir starfsmenn voru: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Gunnar Jónsson varaformaður setti fundinn og bauð fundargesti velkomna.

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerð 103 fundar stjórnar til samþykktar

*Fundargerðin var undirrituð af stjórn.*

#### 2. Fundargerðir fagráðs og starfsháttanefndar til kynningar

- Fundargerð fagráðs 9. september
- Fundargerð fagráðs 23. september
- Fundargerð starfsháttanefndar 14. Október

*Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar.*

#### 3. Verklagsreglur fagráðs Austurbrúar til samþykktar

*Framkvæmdastjóri fór yfir verklagsreglur fagráðs Austurbrúar og lagði fram til afgreiðslu og samþykktar. Samþykkt af stjórn með öllum greiddum atkvæðum.*

#### 4. Fjárlagafrumvarpið 2020 – Erindi frá Austurbrú til MMR

*Framkvæmdastjóri kynnti erindið og rætt var um eftirfylgni og næstu skref. Stjórn samþykkir að málið verði tekið upp aftur á stjórnarfundum í janúar á næsta ári.*

## 5. Erindi til ANR – vegna markaðsmála

*Framkvæmdastjóri lagði erindið fram til kynningar.*

## 6. Úttekt á framlögum til rannsókna og nýsköpunar

- Minnisblað skipting rannsóknarfjár

*Framkvæmdastjóri lagði minnisblaðið fram til kynningar.*

- Úttekt fyrir vísinda- og tækniráð

*Farið var yfir úttekt fyrir vísinda- og tækniráð. Stjórn sammála um að jákvætt sé að úttekt á framlögum til rannsókna og nýsköpunar hafi verið gerð. Nauðsynlegt sé að þessi gögn liggi fyrir. Umræður stjórnar um að auka þurfi fókussinn á nýsköpun á Austurlandi og styðja vel við umsækjendur. Ákveðið að taka málið aftur upp á fundi í janúar.*

## 7. Stefna Íslandsstofu

- Kynnt það sem fram kom á fundi Íslandsstofu á Austurlandi 24. október

*Frásögn framkvæmdastjóra af fundinum. Stjórn vill stefna að því að koma á fundi með Íslandsstofu með það að markmiði að ræða stefnumörkun og sóknarfæri í tengslum við atvinnulíf á Austurlandi.*

## 8. Ýmis mál tengt rekstri

- Innleiðing starfsmats – kynnt á fundinum

*Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna á innleiðingu starfsmats hjá Austurbrú*

- Drög að nýrri heimasíðu – kynnt á fundinum

*Esther Ösp Gunnarsdóttir verkefnastjóri Austurbrúar kynnti drög að nýrri heimasíðu.*

## 9. Önnur mál

*Ekki fleiri mál. Fundi slitið kl 14:10*

---

Gunnar Jónsson

---

Gauti Jóhannesson

---

Hildur Þórisdóttir

---

Stefán Bogi Sveinsson

---

Pálína Margeirsdóttir

---

Eydís Ásbjörnsdóttir

---

Sæunn Stefánsdóttir

---

Þráinn Lárusson